

# FUNDARGERÐ

## 170. stjórnarfundur KRAFT

170. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 12. desember 2024, kl. 17.00, í húsi ÍSÍ við Engjaveg.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Aron Ingi, María, Kristleifur, Lára og Laufey  
Fjarverandi: -  
Fundarritari : Laufey

### 1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

### 2. KRAFTLYFTINGAFÓLK ÁRSINS

Við val stjórnar er farið eftir Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um val á kraftlyftingamanni ársins.

Stjórn KRAFT ákvað að velja Sóleyju Margréti Jónsdóttur (BRE) og Alexander Örn Kárason (BRE) kraftlyftingafólk ársins 2024.

Sóley náði þeim frábæra árangri að verða bæði Evrópumeistari og heimsmeistari á árinu í fullorðinsflokki í kraftlyftingum með búnaði. Þar að auki bætti hún heimsmetið í samanlögðum árangri í unglingsflokki. Besti stigaárangur íslenskra kvenna á árinu í kraftlyftingum með búnaði – 100.23 IPF GL stig, auk þess sem hún bætti sín eigin Íslandsmet í öllum greinum.

Alexander náði mjög góðum árangri á EM í klassískum kraftlyftingum þar sem hann hafnaði í 5. sæti og blandaði sér í baráttuna um verðlaun í bekkpressu. Hæsti stigaárangur íslenskra karla frá upphafi í klassískum kraftlyftingum – 102.41 IPF GL stig, auk þess sem hann bætti öll sín Íslandsmet á árinu.

*Stjórn samþykkti samhljóða.*

### 3. SKÝRSLA ÍPRÓTTASTJÓRA FRÁ HM MEÐ BÚNAÐI

Auðunn flutti skýrslu ípróttastjóra. HM var skemmtilegt verkefni og vikan leið bara of fljótt! Gegnumgangandi gekk mótið eins og í sögu.

Alex Cambray Orrason, -93 kg  
Hnébeygja : 345 kg  
Bekkpessa : 212.5 kg  
Réttstöðulyfta : 280 kg  
Samanlagður árangur : 837.5 kg (9. sæti)

Hjálmar Andrésón, -105 kg  
Hnébeygja : 270 kg  
Bekkpessa : 180 kg  
Réttstöðulyfta : 247.5 kg  
Samanlagður árangur : 697.5 kg (18. sæti)

Einar Örn Guðnason, -120 kg  
Hnébeygja : 362.5 kg  
Bekkpessa : 252.5 kg

Réttstöðulyfta : 280 kg  
Samanlagður árangur : 895 kg (9. sæti)

Egill Hrafn Benediktsson, -120 kg  
Hnébeygja : 315 kg  
Bekkpessa : 220 kg  
Réttstöðulyfta : 240 kg  
Samanlagður árangur : 775 kg (14. sæti)

Sóley Margrét Jónsdóttir, +84 kg  
Hnébeygja : 282,5 kg - ÍM  
Bekkpessa : 200 kg - ÍM  
Réttstöðulyfta : 227.5 kg - ÍM  
Samanlagður árangur : 710 kg (1. sæti / HM met unglina / ÍM)

Guðfinnur Snær Magnússon, +120 kg  
Hnébeygja : 417.5 kg - ÍM  
Bekkpessa : 320 kg  
Réttstöðulyfta : 320 kg  
Samanlagður árangur : 1057.5 kg (9. sæti)

#### **4. EFTIR HM**

Verið er að ganga frá greiðslum og því um líku eftir mótið.

#### **5. JÓLAKVEÐJA**

María og Laufey setja inn jólakveðju KRAFT á miðla sambandsins.

#### **6. VERKEFNI (STJÓRN OG LAGANEFND)**

Sbr. samþykkt formannafundar og umræðu stjórnar :

Formaður hefur samband við laganefnd KRAFT og óska eftir því að hún vinni að endurbótum á reglugerð um agabrot.

Styrkir til keppenda í landsliðsverkefnum verður tekin fyrir á næsta stjórnarfundi. Gjaldkeri setur upp plagg sem verður sett á heimasíðuna. Þarf að skoða með hliðsjón að mögulegum kostnaði við næstu mót.

Athuga hvort hægt er að bæta við styrkjum fyrir búnað inn í reglugerð um afrekssjóð. Hluti af vinnu stjórnar vegna uppfærslu á afrekisstefnu KRAFT.

Yfirferð á landsliðssamningi og bæta þar við sjálfboðavinnu á mótum innanlands „gefa tilbaka“. Einnig þarf að skerpa á hverjum sinni við undirritun landsliðssamninga hverjar skyldur keppenda í landsliði eru.

Ritari lagar reglugerð um félagsaðild innan KRAFT sbr. samþykkt formannafundar.

Sektir vegna vöntunar dómara á alþjóðamótum munu hækka verulega um áramót, úr 1000 evrum í 2000 evrur. Þetta þarf að hafa í huga við fjölgun alþjóðadómara.

#### **7. ÁRSPING KRAFT**

Samþykkt að halda næsta ársþing 29. mars 2025.

## **8. AFREKSSJÓÐUR**

Í byrjun mánaðarins kom úthlutun ASJ til sérsambanda fyrir 2025. Úthlutun til KRAFT er : 24.786.230 kr. Þarf að uppfæra fjárlög fyrir næsta árið. Ganga frá einstaklingsstyrkjum (formaður). Rætt um KRAFT styrki þ.e. ekki tengda ASJ.

## **9. ÆFINGAMÓT OG DÓMARAPRÓF**

Verður haldið á Akureyri í febrúar. Aron Ingi og Kristleifur samþykktu að sjá um prófið í samvinnu við Helga Hauksson.

## **10. FJÁRÖFLUNARNEFND**

Stjórn er samþykk því að stofna skuli fjáröflunarnefnd KRAFT, betra er að hafa eina nefnd með aðeins eitt hlutverk. Verður mótað á næstu mánuðum og á næsta stjórnarfundum.

## **11. NM UNGLINGA**

Ganga frá hótélum sem fyrst en mótið verður í Miðgarði.

## **12. ÖNNUR MÁL**

Bikarmót : Athuga hvort hætta eigi með farandbikar. Hefur sýnt sig að oft getur verið erfitt að endurheimta þá og oft snúið með flutning. Ritari skoðar mótareglur (30. gr.)

## **13. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## **14. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl. 19.40